

2.tbl.

17. jan. 2024

31 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

LAUS STÖRF HJÁ JARÐBÖÐUNUM VIÐ MÝVATN



SUMARSTÖRF Í JARÐBÖÐUNUM -BAÐVAKT -KAFFI KVIKA

Jarðböðin við Mývatn leita eftir góðu starfsfólki fyrir sumarið 2024. Störfin fela meðal annars í sér baðvörslu, afgreiðslu, hefðbundin kaffihúsastörf, þrif og fleira. Um vaktavinnu er að ræða.

Færni í mannlegum samskiptum, jákvæðni og lípurð í starfi er nauðsyn og viðkomandi verður að hafa gott vald á íslensku og ensku. Reynsla af afgreiðslustörfum og þrifum er mikill kostur. Aldurstakmark 18 ár. Húsnæði er í boði.

YFIRMAÐUR Í KAFFI KVIKU

Jarðböðin leita eftir yfirmanni í Kaffi Kvik. Helstu verkefni eru hefðbundin rekstrarstörf ásamt þróun á nýjum veitingastað sem opnar í nýju húsnæði Jarðbæðanna árið 2025. Um dagvinnu er að ræða. Viðkomandi verður að hafa gott vald á íslensku og ensku.

Færni í mannlegum samskiptum, jákvæðni og lípurð í starfi er nauðsyn og viðkomandi verður að hafa gott vald á íslensku og ensku. Menntun sem nýtist í starfi er æskileg og reynsla af sambærilegu starfi er nauðsynleg. Starfsmaður þyrfti að geta hafið störf sem fyrst. Aldurstakmark 18 ár. Húsnæði er í boði.


Umsóknir skulu berast á netfangið ragnhildur@jardbodin.is

Jarðböðin við Mývatn voru stofnuð 2004 og hafa með árunum fest sig í hjörtum heimamanna og ferðafólks hvaðan af úr heiminum. Við erum lífandi vinnustaður þar sem metnaður, jákvæðni og þjónustulund eru höfð að leiðarljósi og markmiðið er ávallt að tryggja gestum einstaka upplifun, með bros á vör.



JARÐBÖÐIN
VIÐ MÝVATN

WWW.JARDBODIN.IS



VATNSLEIKFIMI á Laugum

4 vikna námskeið 18.000 kr.

22. jan – 15 feb.

Lágmarks þátttakendur eru 8 og kennt verður tvisvar í viku, 45 mín í senn á mánudögum og miðvikudögum, kl. 10:00 – 11:00 Vatnsleikfimi eykur styrk, liðleika og þol og hentar fólki á öllum aldri. Farið verður í fjölbreyttar og fyrirbyggjandi æfingar ofan í sundlaug, ýmist í grunnu vatni eða djúpu.

Líkaminn er léttari í vatninu sem veitir einnig mótstöðu og minnkar álag á vöðva og liðamót.

Vatnsleikfimi er góð leið til að þjálfa kvið- og bakvöðva, viðhalda beinmassa og vöðva og bætir vatnsleikfimi einnig jafnvægi, samhæfingu og líkamsstöðu. Þetta er tilvalin leið til að byggja sig upp eftir veikindi og meiðsli.

Komdu í vatnsleikfimi og höfum gaman saman

Skráning fer fram hjá Ástu Price með því að senda nafn, kennitala og símanúmer á email asta@bjarg.co.uk

Eða senda sms eða hringja 8989964.

Hlakka til að sjá sem flesta

Hlaupastelpan /Nýir tímar

er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,
Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

Varðandi útgáfu 2024

Hlaupastelpan verður eftir 1. janúar 2024 bara gefin út á raf-rænan máta þ.e. á pdf útgáfu.

Ég reikna með að þegar frá líður muni ég útbúa sérstaka heimasíðu á netinu þar sem hægt verði að nálgast Hlaupa-stelpuna.

Prentuð verða út nokkur eintök og látin liggja frammi í Dala-kofanum og eins verður látið liggja frammi á opnu húsi eldri borgara. í sveitarfélaginu Kannski bætast við fleiri staðir þegar líður á árið.

Hlaupastelpan hefur farið í tölvupósti frá mér til um ca 50 aðila síðust 10 árin og verður það óbreytt.

Hlaupastelpan verður vistuð sem áður á heimasíðu Þingeyjar-sveitar þar sem þau hafa í gegnum árin verið mér hliðholl að lofa mér að vista hana þar inni.

Frá og með 1. janúar 2024 ætla ég að bjóða upp á að senda þeim sem vilja Hlaupastelpuna á pdf formi í tölvu-pósti . Til þess að skrá sig á lista þar þá ætla ég að biðja ykkur að senda mér beiðni í tölvupósti á netfangið

hlaupastelpan2024@gmail.com

Með kveðju Dagný og co

Hlaupastelpan

er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,
Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

Ath ! Verðskrá

Verðskrá:

Hálfsíðuauglýsing	kr. 4.600.- m.vsk
heilsíðuauglýsing	kr. 6.620.- m.vsk.

Auglýsingar skal senda á netfangið hlaupastelpan@isl.is
Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.
Hlaupastelpunar er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar
<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

Dagný Pétursdóttir 8953386

